



- Verkefni um orkusparnað -

## Gróðurhús, bakarí og prentsmiðjur

Norræni nýsköpunarsjóðurinn og Staðlaráð Íslands eru að hrinda af stað verkefni um orkustjórnun í litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Einnig koma að verkefninu staðlastofnanir í Noregi og Danmörku. Gróðurhús, bakarí og prentsmiðjur eru hvött sérstakleg til þess að taka þátt í verkefninu.

Ætlunin er að þróa hagnýt verkfæri í samvinnu við einstök fyrirtæki til að ná fram orkusparnaði með orkustjórnun. Fyrirtækin taka þátt í vinnuhópi þar sem þau fá ráðgjöf og fræðslu sér að kostnaðarlausu. Afrakstur verkefnisins verður gerður opinber þannig að reynslan af því geti nýst öðrum fyrirtækjum.

### Orkustjórnun

Við orkustjórnun er beitt svipuðum aðferðum og við gæðastjórnun og umhverfisstjórnun samkvæmt ISO 9001 annars vegar og ISO 14001 hins vegar. Leitast er við að fá sem besta yfirsýn yfir orkunotkun fyrirtækisins og stýra henni með það fyrir augum að nota orkuna betur og draga úr orkunotkun. Í umræddu verkefni er stuðst við alþjóðlega staðalinn ISO 50001 *Orkustjórnunarkerfi – Kröfur ásamt leiðbeiningum um notkun* (e. *Energy management systems - Requirements with guidance for use*).

Tíu ára reynsla danskra fyrirtækja er sú að orkustjórnun geti leitt til 10% orkusparnaðar. Auk þess hefur orkustjórnun jákvæð áhrif á ýmis önnur svið í rekstrarins vegna agaðri vinnbragða sem henni fylgja. Orkustjórnun er umhverfisvæn, vitnar um samfélagslega ábyrgð og getur þarf af leiðandi stuðlað að bættri ímynd fyrirtækja.

## Kynningarfundur 15. nóvember

**Kynningarfundur um verkefnið verður haldinn 15. nóvember. Fundurinn fer fram hjá Staðlaráði Íslands að Skúlatúni 2 í Reykjavík og hefst kl. tvö eftir hádegi.**

**Nánari upplýsingar veitir [stadlar.is](http://stadlar.is) Sigurður Sigurðarson hjá Staðlaráði Íslands í síma 520 7150, eða með tölvupósti, [sigurdur@stadlar.is](mailto:sigurdur@stadlar.is).**